

Fundur í stjórn Myndlistaskólans í Reykjavík, 5. maí 2025.

Mætt: Erlendur, Edda, Logi, Bergþóra og Jóhann, auk Áslaugar og Steingerðar

Fundurinn fylgdi dagskrá mars fundar skv. starfsáætlun stjórnar en honum hefur þurft að fresta í tvígang. Á janúarfundi var ákveðið að bæta liðnum stefnumótun stjórnar við. Þar sem lagabreytingar og markmið tengjast var þetta tvennt rætt saman sem síðasta mál á dagskrá.

Starfsmannamál

Ýmsar breytingar eru framundan. Sólbjört er búin að sækja um nám og Ólöf er að fara að eiga barn. Sólbjört er í 60% starfi á skrifstofu en Halla í 80%. Í raun hefur álagið á skrifstofuna minnkað með aukinni tæknivæðingu, s.s. því að nánast allar skráningar fara nú fram á neti og símtölum hefur fækkað mjög mikið þannig að í raun þarf ekki meira ein 100% starfskraft á skrifstofu. E.t.v. eru ekki margir tilbúnir að ráða sig í 20% starf en fljótlega þarf að finna manneskju til að sjá um Bókasafn skólans og hugsanlega mætti ráða eina manneskju til að sinna þessu tvennu. Ólöf í 50% starfi sem deildarstjóri námskeiða fyrir fullorðna. Við munum þurfa að fá afleysingu fyrir hana í haust. Önnur breyting sem gæti orðið á næstu mánuðum tengist því að skólinn stefnir að því að auka inngildingu með því að sameina myndlistarnám fyrir nemendur með fötlun sjónlistadeild (fornámi). Ráðuneytið hefur nú tekið upp þá stefnu að hvetja til þess að skólar bjóði fólki með allskonar fötlun til náms og helst í hópum með ófötludum. Þegar þetta kemur til framkvæmdar verður ekki nauðsynlegt að hafa sérstakan yfirkennara yfir litlu brautinni en í ráði er að hafa alltaf einn stuðningskennara með hópi nemenda með fötlun þótt þeir verði hluti af fornámsnemendahópnum. Haustið verður tilraun og ef vel gengur gengur sameiningin í gegn á vorönn 2026.

Steingerður var upphaflega ráðin í 80% starf. Hún hefur verið í 100% starfi undanfarið því hún tók að sér tiltekin aukaverkefni (m.a. jafnlaunavottun) sem hún hefur nú lokið. Nú hyggst hún aftur minnka við sig.

Húsnæðið

Steingerður kemur með yfirlit yfir stöðuna á fjármálunum eftir flutninga og framkvæmdir. Eftir húsnæðis kaup og framkvæmdir stendur fjárhagsáætlunin nokkurn veginn áætlun. Rétt að fá endurskoðandann til að gera nýjan efnahagsreikning með kaupunum.

Enn eru þó tvö stór verkefni óunnin, annars vegar merking hússins og hinsvegar ný lyfta I stigahús. Vegna hins fyrrnefnda, merkingar hússins hefur skólinn leitað til Guðmundar Úlfarssonar sem er hönnuður grafífsks útlits skólans. Hann hefur komið með tillögu sem felur í sér að húsið verði málað á þeim hliðum sem snúa að Hlemmi og Rauðarárstíg. Skiltamálun Reykjavíkur hefur gert tilboð í verkið og var samþykkt að taka því en kanna ástand málningar á gluggum. Ef það er gott má hugsanlega fresta því að mála þá um einhver ár.

Ný lyfta kemur í hús í sumar en sú gamla er komin mjög til ára sinna og uppfyllir ekki kröfur um stærð enda gæti hún ekki tekið fólk í stærstu hjólastólum. Sú nýja mun hinsvegar geta það.

Erindi frá Ljósmyndaskólanum

Skólanum barst formlegt bréf frá Ljósmyndaskólanum um leiðir og samstarf vegna lokunar Ljósmyndaskólans og mögulegrar yfirfærslu námsins á Námsbraut 1 í skapandi ljósmyndun yfir til Myndlistaskólans. Til stendur að reka Ljósmyndaskólann í sinni mynd í eitt skóla ár til en að því loknu fari hluti námsins fram innan Myndlistaskólans og

annar við LHÍ. Stjórnin er jákvæð en óskar eftir að báðir skólar fundi með ráðuneytinu áður en hafinn verði formlegur undirbúningur fyrir yfirtöku á þessu námi.

Laganefnd

Erlendur stjórnarformaður og Edda Kristín tóku að sér að sitja í laganeftnd sem ætlað er að skoða lög Félags um Myndlistaskólans og skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar með það fyrir augum að skerpa á hlutverki félagsins og minnka flækjustig. Þau hittust í febrúar og settu niður nokkra punkta sem farið var yfir á fundinum. Allir stjórnarmenn munu nú skoða málið fram að næsta fundi og koma með tillögur. Þegar niðurstaða fæst verður stjórn félagsins boðuð til samráðs og vonandi verður hægt að gera breytingar sem verða til þess að félagið getið þjónað skólanum og skólastarfinu sem best.

Á fundinum í janúar var rætt um að stjórn myndi hefja vinnu við að móta stefnuna fyrir yfirstandandi tímabil. Sú umræða hófst einnig á fundinum og verður stefnumótun áfram efni á næsta fundi.

Ekki fleira rætt. Fundi slitið.

Undirritunarsíða

Áslaug Thorlacius

Erlendur Hjaltason

Edda Kristín Sigurjónsdóttir

Logi Bjarnason

Bergþóra Guðnadóttir

Jóhann Ludwig Torfason